

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

- Að Víðinesvegur hafi hámarkshraða 70 km/klst. austan tengingar að skotsvæði á Álfsnesi.
- Að Víðinesvegur hafi hámarkshraða 50 km/klst. vestan tengingar að skotsvæði á Álfsnesi.
- Að umferð um Víðinesveg frá iðnaðarsvæði á Álfsnesi víki fyrir umferð um Víðinesveg milli iðnaðarsvæðis í Álfsnesvík og Vesturlandsvegur með biðskyldu.
- Að umferð um Víðinesveg frá Víðinesvegi 30-33 víki fyrir umferð um Víðinesveg milli iðnaðarsvæðis í Álfsnesvík og Vesturlandsvegur með biðskyldu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 21. febrúar 2024.

Jóhanna Guðjónsdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 6. mars 2024